

## 9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Gildi samþykktarinnar er þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Stykkishólmi nr. 159 frá 17. mars 1988.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1992.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Línadal.*

## GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

## 1. gr.

Gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa er miðuð við brúttó rúmlesta stærð þess og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu. Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	Kr.
Fyrir skip allt að 500 br.rml. . . . .	540
Fyrir skip frá 501 br.rml. til 1 000 br.rml. . . . .	570
Fyrir skip frá 1 001 br.rml. til 1 500 br.rml. . . . .	600
Fyrir skip frá 1 501 br.rml. til 2 000 br.rml. . . . .	630
Fyrir skip frá 2 001 br.rml. til 3 000 br.rml. . . . .	680
Fyrir skip frá 3 001 br.rml. til 4 000 br.rml. . . . .	725
Fyrir skip frá 4 001 br.rml. til 5 000 br.rml. . . . .	770
Fyrir skip frá 5 001 br.rml. til 10 000 br.rml. . . . .	820
Fyrir skip frá 10 001 br.rml. til 15 000 br.rml. . . . .	875
Fyrir skip frá 15 001 br.rml. til 20 000 br.rml. . . . .	940
Fyrir skip frá 20 001 br.rml. til 30 000 br.rml. . . . .	1 000
Fyrir skip frá 30 001 br.rml. og þar yfir . . . . .	1 075

Greiðsla fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, fram fyrir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rml. . . . .	120
Fyrir skip frá 501 br.rml. til 5 000 br.rml. . . . .	140
Fyrir skip frá 5 001 br.rml. til 10 000 br.rml. . . . .	160
Fyrir skip frá 10 001 br.rml. og þar yfir . . . . .	190

Mínna leiðsögugjald skal vera kr. 4 380.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 1 380 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 140 fyrir hverjar byrjaðar 100 brúttórúmllestir skipsins þar fram yfir.

#### 2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst., á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer framúr 6 klst., á hverjum sólarhring. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 620 fyrir hverja klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði fyrir sig og aðstoðarmann.

#### 3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 620 fyrir hverja klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (00 til 24).

#### 4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal hún vera  $\frac{1}{3}$  hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 396, 15. ágúst 1989.

*Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### Vísindasjóðs Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.

#### 1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Vísindasjóður Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 2,8 milljónir sem er framlag úr sjóði Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstól.